


Sirra Sigrún Sigurðardóttir
Ásmundur Sveinsson



Ef lýsa ætti myrkva
As If To Demonstrate an Eclipse

Ef lýsa ætti myrkva

Sirra Sigrún Sigurðardóttir Ásmundur Sveinsson



fig. 1 Ásmundur Sveinsson
á Akropolishæð, Aþenu 1928
Ásmundur Sveinsson at Akropolis,
Athens 1928




fig. 2 Sirra Sigrún Sigurðardóttir á
Olympiuleikvanginum, Aþenu 2018
Sirra Sigrún Sigurðardóttir at the Olympic
Stadium, Athens 2018

Langoftast ganga sólin, jörðin og tunglið sinn vanangang og dagarnir líða með sólarupprás, hádegi, sólsetri, nótt og tunglskini, með mismunandi gráðuhalla og tímalengd eftir árstíma. Einstaka sinnum á sér þó stað fullkominn uppröðun hnattanna og úr verður sólmyrkvi eða tunglmyrkvi, sjáanlegur þeim sem eru svo heppnir að vera staddir í örmjóum ferli alskuggans (*umbra*). Augnablikið líður fljótt hjá því að hnettirnir halda áfram ferð sinni, en í þetta augnablik er nánast hægt að snerta á sólkerfinu og stöðu okkar í því. Það er fyrir ótrúlega tilviljun að fullkomnir sól- og tunglmyrkvar geti átt sér stað, og það á plánetu þar sem lífverur eru með tilhlýðilega vitsmuni til að geta veitt þeim athygli. Það vill svo til að þessir hnettir eru einmitt mátulega stórir og í einmitt mátulegri fjarlægð hver frá öðrum til að geta stöku sinnum raðast þannig upp að þeir skyggi fullkomlega hver á annan. Ef vegalengdirnar væru t.d. aðeins lengri gengi dæmið ekki upp. Og þar sem ekkert er stöðugt nema óstöðugleikinn verður þetta ekki svona að eilífu, því að hægt og rólega fjarlægist tunglið jörðina og að því kemur einhvern tímann í fjarlægri framtíð að fullkomnir myrkvar munu ekki eiga sér stað lengur á jörðinni.

Þetta vitum við í dag en það er ekki svo langt síðan jörðin var talin flöt og það var enginn hæðarleikur að mæla langar vegalengdir. Aristóteles áttaði sig á því að jörðin hlyti að vera hnöttótt því að stjörnuhiminninn sem blasti við frá einum stað leit öðruvísi

út annars staðar. Rúmri öld síðar tókst Eratosþenesi, yfirbókaverði bókasafnsins mikla í Alexandríu, að reikna ummál jarðar af ótrúlegri nákvæmni. Hann komst að því með einstakri athyglisgáfu að sólin varpaði engum skugga á hliðar djúps brunns í borginni Sýenu á hádegi á sumarsólstöðum, en í borginni Alexandríu varpaði sólin skugga á þessum tíma. Með því að mæla skuggann og fjarlægðina milli borganna gat hann beitt hornafræði til að reikna út ummál jarðarinnar. Fjarlægðir á þessum tíma voru mældar í mælieiningum sem þekktar voru úr daglegu lífi, eins og fæti, fingri, lófa – og leikvangi, *stadion* og því var fjarlægðin milli þessara tveggja borga mæld í skrefum og yfirfærð í *stadion* og þannig gat Eratosþenes reiknað það út að ummál jarðar væri 250.000 leikvangar.

Ásmundur Sveinsson (fig. 1) og Sirra Sigrún Sigurðardóttir (fig. 2) heimsóttu Grikkland með 90 ára millibili, hann árið 1928 og hún 2018 og óhætt er að segja að heimsóknin hafi haft djúp áhrif á báða listamennina. Sirra varð fyrir sterkum hughrifum þar sem hún fylgdist með hlaupurum koma í mark á Ólympiuleikvanginum í Aþenu. Hún tók ljósmyndir af marmaraleikvanginum og hlaupurunum koma að endalínunni á þessari táknrænu leið og gat ekki varist tárur. Þegar Ásmundur var þarna á ferð 90 árum áður hefur hann líklega staldrað við á þessum sögufræga stað. Í skjalasafni hans er að finna póstkort af leikvanginum frá sama sjónarhorni og Sirra valdi. Þar er völlurinn mannlau

sem dregur fram mikilfengleika hans og skúlptúríska eiginleika. Eins og hvít marmarahvelving á hvolfi (fig. 3).

Heilt maraþonhlaup er rétt rúmri 42 kílómetrar og byggir á vegalengdinni milli grísku borganna Maraðon og Aþenu, þar sem endapunkturinn hefur verið kórónaður með glæsilegum marmaraleikvanginum. Líkt og ummál leikvangsins sjálfs var áður mælieining er þessi fjarlægð nú stöðluð mælieining sem hlauparar um allan heim keppast við að fara. Þannig feta þeir í fótspor fornarr hetju sem sögð var hafa hlaupið þessa leið til þess að flytja áriðandi skilaboð. Á sama hátt spretta listamenn oft úr spori eftir áður ómörkuðum og ónafngreindum slóðum til að flytja skilaboð sem þeir sjálfir telja áriðandi og enduróma stundum um aldir alda. Slóð þeirra verður fjölfarin, nafngreind, yfirfærð og skilgreind. Og stundum verður hún það ekki.

Sagan um tilurð Maraðonhlaupsins er vel þekkt. Heimildum ber þó ekki alveg saman um hvort það hafi verið Pheidippides eða Philippides sem hljóp frá Maraðon til Aþenu og hvaða leið það var nákvæmlega sem hann fór. Jafnvel er talið að það hafi verið Thersipus frá Erchius. Kenningar eru um að hann hafi í raun alls ekki hlaupið þessa 42 kílómetra frá Maraðon til Aþenu heldur 240 kílómetra leiðina frá Aþenu til Spórtu. Allt er aðeins hverfulla en við vildum gjarnan trúna svo leið listamannsins er ekki endilega órókréttari en hver önnur til að fylgja (fig. 4).

As If To Demonstrate an Eclipse

Sirra Sigrún Sigurðardóttir
Ásmundur Sveinsson




fig. 3 Olympiuleikvangurinn, ljósmynd Sirru og póstkort úr fórum Ásmundar
The Olympic Stadium, a photograph by Sirra and a postcard from Ásmundur's collection



fig. 4 Úr skissubók Ásmundar Sveinssonar frá Grikklandi 1928
From the sketchbook of Ásmundur Sveinsson in Greece 1928



fig. 5 Kúluhúsið við Sigtún í byggingu
Ásmundur's dome under construction



fig. 6 Hefðbundið grískt hús með hvolfþaki
Traditional Greek house with spherical dome roof

Most of the time the planets follow their usual routine around the sun, and the days pass with sunrise, noon, sunset, night and moonlight, in different varying degrees and duration depending on the season. Once in a while, however, the earth, moon and sun align perfectly creating an eclipse visible to those fortunate enough to be watching from the narrow trajectory of the umbra. The moment passes quickly because the celestial bodies keep to their course, but for this fleeting instant you can practically touch the solar system, and our location there within. It is by incredible coincidence that perfect solar- and lunar eclipses can occur, and at that, on a planet where the beings are sufficiently intellectual to observe them. It just so happens that these globes are of the right size and distance from each other to occasionally align in this way. If, for example, they were a bit further apart, this would not work. And seeing as nothing is constant except inconstancy, this will not last forever as the moon is slowly moving further away from the earth, and one day in the distant future perfect eclipses will no longer happen here.

We know this now, but it's not so long since the earth was believed to be flat, and it was quite a feat to measure long distances. Aristotle realised the earth had to be round as the constellations visible from one place at a given time are quite different from another at the same time. Over a century later Eratosthenes, the director of the Great Library of Alexandria, succeeded in calculating

the earth's circumference with remarkable accuracy. Through his incredible powers of observation, he learned that the sun cast no shadow on the sides of a deep well in Syene at noon on summer solstice, but in the city of Alexandria, the sun cast a shadow at the same time. By measuring the shadow and the distance between the cities, he was able to use trigonometry to calculate the earth's circumference. At the time, distance was measured in units that were known from daily life like foot, finger, palm – and stadiums, *stadion*. So the distance between these two cities was measured in steps and converted to *stadion*, and Eratosthenes was able to calculate the earth's circumference as 250.000 *stadions*.

Ásmundur Sveinsson (fig. 1) and Sirra Sigrún Sigurðardóttir (fig. 2) visited Greece ninety years apart, he in 1928, she in 2018, and it is safe to say the visits influenced them both greatly. Watching runners reach their end goal at the Olympic Stadium in Athens had a powerful effect on Sirra. She photographed the marble stadium and the runners reaching the finish line of this symbolic route and was brought to tears. When Ásmundur was there, ninety years earlier, he probably stopped at this historic location. His documents include a postcard of the stadium, from the same angle as Sirra selected. In the photo the stadium is empty, which emphasises its magnificence and sculptural characteristics; like a white, upside-down marble dome (fig. 3).

A complete marathon is just over 42 kilometres, based on the distance between the Greek cities Marathon and Athens, where the grand marble stadium crowns the end point. Just as the circumference of the stadium itself used to serve as a unit of measurement, this distance is now a standard length that runners all over the world compete in, thus, following in the footsteps of an ancient hero who was said to have run this way to bring an urgent message. In a similar way, artists often charge along undefined, unknown paths, carrying messages they deem urgent and that sometimes echo through the centuries. Their path becomes busy, known, transferred, defined. And sometimes it does not.

The origin of the marathon is common knowledge. However, sources disagree on whether it was Pheidippides or Philip-pides who ran from Marathon to Athens, and exactly which route he ran. It may even have been Thersipus of Erchius. There are also theories that he did not run the 42 kilometres from Marathon to Athens, but 240 kilometres from Athens to Sparta. Everything is a bit more transient than we would like to believe and, hence, it can be just as logical to follow the artist's path as any other.




fig. 7 Forngrískt sólúr, þrívíddarmynd eftir Alexander R. Jones Ancient Greek sundial, 3D model by Alexander R. Jones




fig. 8 Skissa af Hverfingu eftir Sirra Sketch for Revolvment by Sirra

GEOGRAPHIC LOCATION	
Latitude	66.1415586224
Longitude	-21.056222601
Timezone	GMT-01:00
DATE AND TIME	
2025-10-27 12:00:00	
SOLAR INFORMATION	
Sun Altitude: 23.8584413776	
Sun Azimuth: 108.943777398	
TWILIGHT TIMES	
Sunrise: 06:00:00	
Sunset: 18:00:00	





fig. 9 Bröt af þökktri styttu eftir Ásmundur Sveinsson Part of an unknown work by Ásmundur Sveinsson

fig. 10 Vinnuteikning fyrir Hverfingu eftir Sirra sem sýnir afstöðu Ásmundarsafns við sólarganginn. Sketch for Revolvment by Sirra, showing the orientation of Ásmundarsafn museum in relation to solar movements.



Ásmundur Sveinsson var mikilvirkur listamaður sem vann hvert verkið á fætur öðru en stundum er sagt í æviágripi hans að hann hafi tekið sér „hlé“ til að byggja húsið við Sigtún. Það varð vinnustofa listamannsins, heimili fjölskyldunnar og hýsir nú safn hans. Húsið er þó engin venjuleg bygging heldur stærsta höggmynd listamannsins (fig. 5). Án þess að vera hoggin í marmara ber byggingin skýr klassísk útlitseinkenni. Áhrifa gætir frá Grikklandsför Ásmundar en hann túlkar hefðbundið grískt hús á einstakan hátt (fig. 6).

Að nokkru leyti minnir bygging Ásmundar á forngrísk sólúr sem gjarnan voru löguð eins og hvelvingar á hvolfi, hálfhringur með gati sem sólin skein inn um og geisli lenti á tölu sem táknaði tíma dags. Form sólúranna voru eins og mót af hvelfingu Ásmundar (fig. 7). Á þessari sýningu notar Sirra bygginguna í heild til að búa til abstrakt teikningu í formi sólúrs og kallar þannig fram síbreytilega stöðu okkar í himingimnum þar sem við snúumst um ás á sporbaug um sólu. Hún hefur komið fyrir spegli á þaki hússins sem fangar sólargeislana og beinir þeim inn á langan bogadreginn vegg sýningarsalarins (fig. 8). Geislarnir skína í gegnum teikningu á gluggum safnsins og þegar veður leyfir lendir sólbletturinn á langvegg salarins, á síbreytilegum stað eftir tíma dags og árs; stöðu okkar í sólkerfinu (fig. 9). Án þess að sýna okkur endanlegan og hagkvæman sannleik eða stað-

reyndir, eins og hvað klukkan er, leika þeir í samspili við form og liti í afstöðu við sólarkæð og sólargang (fig. 10).

Enn þann dag í dag byggjum við menningu okkar mikið á grískum undirstöðum. Grundvallarhugmyndir okkar um höggmyndir og teikningar koma margar hverjar þaðan og vísanir í klassíska list skjóta sífellt upp kollinum. Ásmundur menntaði sig þegar klassískt listnám var enn víðast í hávegum haft (fig. 11) en fór sínar leiðir. Hann nam hjá framsæknum kennurum og kynnti sér strauma og stefnur í nútímalist en hélt jafnframt fast í rætur sínar úr sveitinni. Hann hélt því til dæmis fram að þeir sem ekki þekktu fjöll gætu ekki orðið góðir myndhöggvarar. Á sínum yngri árum teiknaði hann fjöllin og sumar teikningarnar minna helst á grískan leikvang eða skúlptúrmót sem aðeins á eftir að hella í (fig. 12). Sirra er menntað í öðrum listrænum heimi, með fyrstu listamönnunum sem útskrifuðust úr nýstofnuðum Listaháskóla Íslands sem var róttækur hugmyndaskóli, með framhaldsnám frá New York og hún hefur starfað á tímum þar sem tíðkast að frelsa listsköpun úr öllum fjötrum sem nokkrum dettur í hug að setja hana í. Jafnvel þótt nálgun og viðfang listamanna samtímans hafi tekið stakkaskiptum má þó finna strengi sem liggja aftur til klassískrar fornaldar sem t.d. má finna í skúptúrískri hvelfingu úr þykkum bunka af A4 blöðum sem Sirra gerði í dvöl sinni í Aþenu (fig. 13).



fig. 11 Nafnlaus lágmynd í grískum stíl
(*Ímynd dansins*, 1925) eftir Ásmundur Sveinsson
Untitled classical relief by Ásmundur Sveinsson, 1925.




fig. 13 *Skrá Record*, Sirra Sigrún
Sigurðardóttir, 2021 (2018)



fig. 12 *Hrískinnarhnúkur, án ártals*.
Hrískinnarhnúkur Peak, year unknown
Ásmundur Sveinsson

fig. b

Ásmundur Sveinsson was a productive artist who created one sculpture after another, but sometimes his biography says that he took “a break” to construct the building at Sigtún, which became his museum, family home and now houses his museum. This however is no ordinary building, it is the artist’s largest sculpture (fig. 5). Although it is not carved in marble, the building bears clear classical characteristics. It is influenced by Ásmundur’s journey to Greece, but he interpreted a traditional Greek building in a unique way (fig. 6).

In a way, Ásmundur’s building resembles ancient Greek sundials, which were often shaped as upside-down domes, with a hole in it through which the sun shone, and a ray would illuminate a number that represented the time of day. These sundials were like a mould for Ásmundur’s dome (fig. 7). In this exhibition Sirra uses the entire building to create an abstract drawing in the form of a sundial, calling forth our everchanging position in space, as we revolve around an axis, on an ellipse around the sun. She has placed a mirror on the roof of the building that captures the rays of the sun and directs them into the long, curved wall in the exhibition hall (fig. 8). The rays shine through a drawing on the museum windows and, weather permitting, the sun hits the wall of the exhibition hall at different places depending on time of day and year; our position within the solar system (fig. 9). Without displaying a finite truth or practical facts, such as what time it is,

the sunrays interact with shapes and colour in orientation with the altitude and movements of the sun (fig. 10).

Still today, we base our culture on Greek foundations, to a large extent. Many of our basic ideas of sculpture and drawing originate from there and references to classical art are everywhere. Ásmundur received his education when classical art was still revered (fig. 11), but then followed his own path. He studied with progressive teachers and acquainted himself with contemporary art trends and movements, but he always held onto his rural roots. He, for instance, claimed that those who did not know mountains could not become good sculptors. In his youth, he drew mountains and some of these drawings resemble a Greek stadium or a sculpture’s mould that has yet to be filled (fig. 12). Sirra is educated in a different artistic world, she was among the first artists to graduate from the newly-founded Iceland University of the Arts, a radical conceptual school. She finished her postgraduate studies in New York and has worked during a period where it is common practice to liberate art from any shackles it may be restrained within. Although the approach and subject matter of contemporary artists has undergone great changes, it is still possible to find connections to classical antiquity, for example in a sculptural dome made of a large pile of A4 sheets, which Sirra created during her stay in Athens (fig. 13).




fig. 15 *Snið Transection*, Sirra Sigrún Sigurðardóttir, 2018



fig. 14 *Veðurspámaður* Weather Teller, Ásmundur Sveinsson, 1934



fig. 16 *Samhljómur hnattanna* Harmony of The Spheres, Ásmundur Sveinsson, 1959

Verkin á þessari sýningu tengjast öll á einn eða annan hátt manneskjunnar sem reynir að fóta sig í alheiminum, skoðar, heillast, reynir að skilja og átta sig (fig. 14). Á himintunglunum, náttúrunni, stærðfræðinni, sólinni, sjálfri tilvistinni (fig. 15, fig. 16). Þetta er víðfemt og umfangsmikið efni sem snertir á því stærsta og minnsta í senn. Myndlistin býður upp á möguleika á því að ná utan um svona hugsanir. Á tungumáli myndlistarinnar er hægt að miðla hugsunum, hugmyndum, hughrifum og tengingum í annarri vídd, handan orða.

All artworks in this exhibition are, in one way or another, connected to the human being who tries to find her way in the universe; explores, is enchanted, tries to understand and figure out (fig. 14) the planets, nature, mathematics, the sun, and her own existence (fig. 15, fig. 16). This is a vast and extensive subject which touches on the largest and the smallest at the same time. Art offers us this chance to encompass these thoughts, since in the language of art you can communicate thoughts, ideas, impressions, and connections in another dimension, beyond words.

Sirra Sigrún Sigurðardóttir (f. 1977) lauk BA námi frá Listaháskóla Íslands árið 2001 og MA í Art Practice frá School of Visual Arts í New York árið 2013 og hefur síðan verið mjög virk í sýningahaldi hér á landi og erlendis. Verk Sirru eru kosmísk í eðli sínu og tengjast gjarnan inn á vanga-veltur um stöðu okkar inni í gangverki náttúrunnar, eðlisfræðinnar og þeirra afla sem halda heiminum gangandi. Þau framkalla oft stöðu okkar sem einstaklinga, vægi okkar og smæð þar sem hið smáa er sett í samhengi við það stærra og merking er yfirfærð frá einu fyrirbæri yfir á annað svo úr verður ný skynjun, ný sýn.

Ásmundur Sveinsson (1893–1982) var frumkvöðull í íslensku myndalist. Hann nam klassíska höggmyndalist og vann í hefðbundin efni framan af. Viðfangsefni hans voru tengd nærumhverfinu, vinnandi stéttir, þjóðsögur og sagnarfurinn. Á sjöunda áratugnum vék hann frá þeim fígúratífu aðferðum sem áður einkenndi listsköpun hans og fór í auknum mæli að nota óhlutbundið myndmál. Viðfangsefni hans urðu óefniskennsdari og tengd náttúrufrýrbærum, lögmálum og eðlisfræði.

Sirra Sigrún Sigurðardóttir (b. 1977) graduated BA from Iceland University of the Arts in 2001, and MA in Art Practice from the School of Visual Arts in New York in 2013 and has since exhibited widely, both locally and internationally. Sirra's work is cosmic in nature, often connected to speculations about our position within the inner workings of nature, physics and the forces that drive the world. Her works often display our position as individuals, our significance and insignificance where the small is shown in context of the large, and meaning transformed from one phenomenon to another, creating a new perception, new vision.

Ásmundur Sveinsson (1893–1982) was a pioneer in Icelandic art. He studied classical sculpture and worked in traditional subjects at the beginning. His subjects were related to the local environment, working classes, legends and sagas. In the sixties he deviated from the figurative methods that previously characterized his artistic creation and increasingly began to use abstract imagery. His subjects became more intangible and related to natural phenomena, laws and physics.

fig. d





fig. e



Ef lýsa ætti myrkva heima, 2021
 Sirra Sigrún Sigurðardóttir

Listaverk fyrir tvo límmiða og sól

Leiðbeiningar:

Fylgist með sólarganginum þar sem til stendur að setja verkið upp. Veljið glugga sem sólin skín auðveldlega inn um – eða sem sólin speglast kröftuglega inn um. Fylgist með hvar geislarnir lenda á veggjunum.

Þetta gæti tekið töluverðan tíma. Veljið stað á glugganum fyrir stærri límmiðann þar sem sólin á greiða leið til að skína í gegnum hann og lenda á vegg. Fylgist með lituðu endurkasti hringins líða um veggina og veljið svo stað fyrir minni límmiðann einhvers staðar á sléttum fleti þar sem hringirnir tveir geta mæst.

Alla jafna verða hringirnir hvor í sínum heimi en stöku sinnum rennur upp augnablikið sem þeir lenda í fullkominni afstöðu við sólina og renna saman.

Og svo líður það hjá.

As If To Demonstrate an Eclipse at Home, 2021
 Sirra Sigrún Sigurðardóttir

An artwork for two stickers and sun

Instructions:

Watch the movement of the sun where you want to put the work. Pick a window that gets bright direct sunlight or reflected sunlight. Watch where the sun hits the wall.

This could take quite some time. Select a spot on the window for the bigger sticker, where the sun can easily shine through it and hit the wall. Follow the coloured reflection of the circle as it moves across the wall and pick a place for the smaller sticker on a smooth surface where the two circles can meet.


The circles are each in their own world but occasionally they will align perfectly with the sun and merge.

Then the moment passes.

fig. e Ef lýsa ætti myrkva heima, skýringarmynd.
 As If To Demonstrate an Eclipse at Home, diagram.
 Sirra Sigrún Sigurðardóttir, 2021.

13.05.–03.10.2021
Ásmundur Sveinsson
Sirra Sigrún Sigurðardóttir
Eflýsa ætti myrkva
As If to Demonstrate an Eclipse

Sýningarstjóri Curator
Ingibjörg Sigurjónsdóttir



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
ÁSMUNDARSAFN
REYKJAVÍKARTMUSEUM

Ásmundarsafn
Sigtúni
105 Reykjavík
+354 411 6430

listasafnreykjavikur.is
artmuseum.is
#listasafnreykjavikur
#reykjavikartmuseum

Nýðktarskýr
Íslenskt Vísind
Sé. Fúlk

Ingibjörg Sigurjónsdóttir
listasafnreykjavikur

SAFNARÁÐ
Reykjavík

